

### Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Með framburði vitna, sem leidd hafa verið í málinu, er upplýst, að forsvarsmenn Rafvirkjafélags Reykjavíkur höfðu fullkomna ástæðu til að telja samningstímann frá 1. jan. 1941 til 31. desember sama ár. Sérstaklega virðist þessi skoðun þeirra hafa mótast og fengið fastan grundvöll við sátttilraunirnar í ársbyrjun 1941.

Það verður og að ætla að forsvarsmenn Rafvirkjameistarafélagsins hafi verið á sömu skoðun og rafvirkjasveinar um samningstímann. Röskum þrem mánuðum fyrir árslok 1941 móttækur Rafvirkjameistarafélagið uppsögn rafvirkjanna á samningnum, miðað við 1. janúar 1942, og af hálfu meistarafélagsins kemur ekki fram nein vefenging, hvað þá mótmæli, á gildi uppsagnarinnar fyrr en 27. desember f. á., eða þrem mánuðum eftir að samningnum var sagt upp. Mótmæli rafvirkjameistara gegn uppsögninni eru þá auk þess sett fram með þeim hætti, að ómögulegt virðist að skoða þau öðruvísi en sem ábendingu, en alls ekki sem synjun á réttmæti uppsagnarinnar. Af þessu aðgerðaleysi meistaranna má ótvírátt draga þá ályktun, að þeir hafi verið sammála um að samningarnir giltu til 31. desember 1941.

Þá er þess og að gæta, að samningarnir komu að nokkru leyti til framkvæmda 1. janúar 1941 óg að nokkru leyti 22. janúar s. á. Verðlagsuppbót var greidd samkvæmt samningunum frá 1. janúar 1941, og komu því verðlagsuppbótarákvæði samningsins til framkvæmda þann dag. Kaup var hins vegar að öðru leyti greitt samkvæmt samningnum frá 22. janúar 1941 og kom það til af því, að meistarar voru, þegar samningar voru undirritaðir, búnir að gera upp við viðskiptamenn sína til þess dags með gamla kaupinu, og gáfu sveinarnir því kauphækkunina eftir frá 1. janúar til 22. janúar f. á. Það er því ljóst, að samningurinn hefur byrjað að gilda frá 1. janúar 1941 (verðlagsuppbótin), þó sveinarnir gæfu eftir hluta af kaupni sínu fyrstu þrjár vikur samningstímans. Samkvæmt þessu virðist samningstíminn, sem var eitt ár, hafa verið útrunninn í árslok 1941. Tel ég því, með tilvísun til þessa, svo og áður nefndrar skoðunar sveina og meistarara um samningstímann, að uppsögn sveinanna sé lögmæt, svo og vinnustöðvun þeirra.

Priðjudaginn 24. febrúar 1942.

Nr. 1/1942. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags lög-  
giltra rafvirkjameistara í Reykjavík.**  
gegn

**Rafvirkjafélagi Reykjavíkur.**

Dæmt um upphæð skaðabótakröfu vegna ólögmeats verkfalls.

### Dómur.

Eins og frá er skýrt í dómi félagsdóms í máli þessu, uppkv. 5. þ. m., var sökinni skipt þannig, að frestað var málf lutningi

um skaðabótaupphæðina og er hún nú tekin til meðferðar. Hefur stefnandi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags lög-giltra rafvirkjameistara, með tilvisun til kröfu sinnar í stefnu dags. 6. jan. s. l. og á grundvelli dómsniðurstöðu í máli þessu frá 5. þ. m., gert þær dómkröfur í þessum hluta málsins, að stefndi, Rafvirkjafélag Reykjavíkur, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 492.48 fyrir hvern virkan dag á tímabilinu 1.—22. jan. s. l., alls 18 daga, samtals kr. 8864.64. Þá krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir upphæð kröfu sinnar á því, að um síðustu áramót hafi 38 sveinar unnið hjá félagsmönnum í Félagi lög-giltra rafvirkjameistara í Reykjavík, en rafvirkjameistararnir hafi framselt félagi sínu skaðabótakröfurnar. Tímakaup raf-virkjasveina í dagvinnu sé, skv 1. mgr. 1. gr. 3. kafla samn-ingsins frá 22. janúar 1941, kr. 1.93. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar sé dýrtíðaruppbót rafvirkja fyrir janúar 1942 77% af grunnkaupi, þ. e. kr. 1.49. Hið útborgaða kaup rafvirkja-sveina í janúar 1942 hafi því átt að vera kr. 3.42 pr. klst. Af þessu reikni meistararnir sér 42% álagningu, þegar þeir láta rafvirkjasveina vinna. Nemi þetta kr. 1.44 pr. klst. í dag-vinnu fyrir hvern svein félagsmanna. Þessari álagningu hafi meistararnir tapað við verkfallið. Dagvinna samkvæmt samn-ingnum sé 9 klst., og sé þá upphæð sú, er tapast hefur, kr. 12.96 pr. svein á dag, eða samtals kr. 492.48 fyrir 38 sveina á dag. Og þar sem hér sé um 18 virka daga að ræða verði heildarupphæð skaðabótanna kr. 8864.64.

Í greinargerð stefnda, sem lögð var fram í þinghaldi 13. f. m., segir svo um upphæð skaðabótakröfunnar: „Þessum lið er mótmælt sem óréttmætum, en til vara sem órökstudd-um og sem of háum, svo sem sýnt mun verða á síðara stigi málflutningsins.“ Frekari mótmæli eða andsvör af hálfu stefnda gegn réttmæti upphæðar skaðabótakröfunnar hafa ekki komið fram í máli þessu.

Er dómur var kveðinn upp í fyrri hluta máls þessa 5. þ. m., mætti af hálfu stefnda Jónas Ásgrímsson, formaður rafvirkja-félagsins, og fékk frest til 10. s. m., þar sem stefndi hafði ekki enn tjáð sig um einstök atriði í rökstuðningi stefnanda fyrir upphæð skaðabótakröfunnar. Þann 6. þ. m. ritaði rafvirkja-meistarafélagið stefnda bréf, þar sem það mælist til þess að samningaumleitarnir hefjist milli félaganna, en stefndi hafn-aði þeirri umleitun með bréfi 7. þ. m., þar sem hann áleti ekki

tímabært að hefja samninga meðan mál aðiljanna væri óútljád. Í þinghaldi í málinu 10. þ. m. mætti af hálfu stefnda Sigurður Ólason hæstaréttarmálflutningsmaður. Lagði hann þá fram bréf frá stjórn rafvirkjameistarafélagsins dags. 8. þ. m., rjsh. 28. Jafnframt lýsti hann því yfir, að ekki yrði frekar mætt í málinu af hálfu stefnda, en hafði ekki uppi neinar kröfur í sambandi við framlagningu téðs skjals, né heldur lét hann nokkra greinargerð fylgja því. Fór því málið til skriflegs málflutnings og var tekið til dóms 17. þ. m. eftir kröfu stefnanda, og er nú dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í nefndu bréfi á rjsh. 28, sem virðist vera svar við áðurgreindu synjunarbréfi stefnda frá 7. þ. m., segir stjórn rafvirkjameistarafélagsins m. a. á þá leið, að þar sem dómur hafi verið kveðinn upp í málinu út af verkfallinu virðist þeim, að málinu sé þar með lokið.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því, að í nefndu bréfi felist nokkurt afsal af hálfu Félags löggiltra rafvirkjameistara á rétti þess til að krefjast dóms um upphæð skaðabótakröfunnar í máli þessu, og verður rétturinn að fallast á þá skoðun hans, þar sem nefnt bréf er of óákveðið til þess að réttmætt sé að leggja svo viðtæka merkingu í orðalag þess, enda þótt stefndur hefði viljað láta kröfu um slíkt felast í framlagningu þess.

Félag löggiltra rafvirkjameistara hefur fengið framsal á skaðabótakröfu einstakra meðlima sinna á hendur stefnda. Stefndi hefur ekki flutt fram mótmæli gegn einstökum atriðum í rökstuðningi stefnanda fyrir upphæð skaðabótakröfunnar, og þar sem hann (stefnandi) hefur, að áliti réttarins, gert nægilega grein fyrir réttmæti hennar, þer að taka hana að fullu til greina. Vaxta hefur ekki verið krafizt.

Einn dómendanna, Sigurjón Á. Ólafsson, telur að sýkna beri stefnda af bótakröfu stefnanda, og skírskotar um það til ágreiningsákvæðis síns í fyrri hluta máls þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, að því er þennan hluta málsins varðar, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Rafvirkjafélag Reykjavíkur, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags löggiltra rafvirkjameistara, kr. 8864.64.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. marz 1942.

Nr. 6/1941. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsstúlknafé-  
lagsins Sóknar**  
gegn  
**Stjórnarnefnd rikisspítalanna.**

Mál út af ákvæðum kjarasamnings um lengd sumarleyfa.

#### Dómur.

Í nóvembermánuði 1935 var undirritaður kjarasamningur milli starfsstúlknafélagsins Sóknar hér í bæ og stjórnarnefndar rikisspítalanna. Samningur þessi gildi til þess er Sókn sagði honum upp frá 31. des. 1940. Þann 31. janúar 1941 var að nýju gerður kjarasamningur milli nefndra aðilja og segir m. a. svo í 4. gr. hans: „2) Þær (þ. e. starfsstúlkur), sem unnið hafa 6 mánuði og lengur fá sumarfrí í 14 daga með fullu kaupi og kr. 2.00 á dag í fæðispeninga.“ Er þetta ákvæði tekið óbreytt úr samningnum frá 1935. Sumarið 1941 kvartar Sókn yfir því til Alþýðusambandsins, að framkvæmd sumarleyfa sé þannig af hálfu spítalanna, að stúlkur fái aðeins sumarleyfi 14 daga alls, en telur að samkvæmt samningnum frá 31. jan. 1941 beri þeim 14 virkir dagar.

Stjórnarnefnd rikisspítalanna sinni ekki aðfinnslum um þetta, og með því að ekki fékkst samkomulag um skilning á þessu atriði höfðaði Alþýðusamband Íslands mál þetta með stefnu, dags. 1. nóv. f. á., f. h. starfsstúlknafélagsins Sóknar gegn stjórnarnefnd rikisspítalanna. Gerir það þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að framangreint ákvæði í samningi máls- aðilja frá 31. jan. 1941, um sumarleyfi, beri að skilja svo sem þar stæði, að stúlkur, sem unnið hafa í 6 mánuði og lengur og umræddur samningur tekur til, fái sumarfrí í 14 *virka* daga með fullu kaupi. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar sér til handa eftir mati dómsins. Stefnður hefur krafizt sýknu